



**UMHVERFIS
STOFNUN**
ENVIRONMENT
AGENCY

SKÝRSLA
SJÁLFBODALÍÐASTARFS
UMHVERFISSTOFNUNAR
2022




Sjálfbóðaliðar Umhverfisstofnunar unnu, sumarið 2022, á 27 náttúruverndarsvæðum á Íslandi: innan marka Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls (Lóndrangar og Malarrið) og Þjóðgarðsins Vatnajökuls (Jökulsárgljúfur, Skaftafell), við Mývatn, í friðlöndum Fjallabaks, Flateyjar, Gróttu, Gullfoss, Herðisarvíkur, Hólmaness, Hornstranda, Húsafells, Svarfaðardals og Vatnsfjarðar, á landslagsverndarsvæðum Gerpissvæðis, Kerlingarfjalla og Þjórsárdals, á búsvæði Andakíls, við náttúruvættin Búrfellsgjá, Dimmuborgir, Dynjanda, Eldborg undir Geitarhlíð, Geysir, Grábrók, Hraunfossa - Barnafoss, Skógafoss og einnig á mjög fjölsóttum svæðum á náttúruminjasrá eins og Eldfell á Heimaey og Rauðasandi.

Verkefni sjálfbóðaliða í náttúruvernd og vistheimt eru mörg, má þar nefna:


- Afmörkun, viðhald og lagning náttúrulegra gönguleiða í óbyggðum (stikun, tröppur og ræsi gerð með grjóti).
- Endurheimt landslags og víðerna (loka villustígum, raka yfir hjólför vegna aksturs utan vega).
- Landmótun (laga göngustíga svo þeir falli betur inn í landslagið, mosaflutningur).
- Endurheimt á gróðri þar sem t.d. villustígar myndast
- Líffræðileg fjölbreytni: uppræting ágengra plöntutegunda.
- Endurhleðsla gamalla varða (með umsjón sérfræðings frá Minjastofnun).
- Hreinsun náttúrulegra og ósnortinna svæða (Hornstrandir, Reykjanes).
- Aðstoð við starfsemi í þjóðgördum (sem fæst lærdómur af) t.a.m. úttekt á ástandi náttúrulegra gönguleiða, vöktun gesta á náttúruverndarsvæðum, vöktun lífríkis – aðstoð við landverði.
- Ýmis konar fræðslu- og náttúrutúlkun um náttúru og umhverfi.
- Kynning og þjálfun (sjálfbóðaliðar með mikla reynslu fræða nýja sjálfbóðaliða og koma þekkingunni þannig áfram, t.d. hvað varðar liðstjórn).

Þessi skýrsla inniheldur yfirlit fyrir sumarið 2022, sem lýsir verkefnum sjálfbóðaliða, ástandi/vandamálum, verkefni og ljósmyndir.



Framkvæmdir og aðgerðir gerðar með sjálfboðaliðavinnum 2022		
SVÆÐI	v.v	v.d.
Undirbúning/Stjórnun	4	20
Þjálfun liðsstjóra	2	10
SNÆFELSIJÓKULL ÞJÓÐG.	26,6	133
ELDBORG UNDIR GEITAHLIÐ	1,6	8
BÚRFELL, BÚRFELLSGJÁ	11,2	56
HERDÍSARVÍK	0,4	2
TRÖLLABÖRN	1,4	7
GRÓTTA	4,6	23
HAMARINN	0,4	2
SANDVATN / MÝVATN	4,4	22
MÝVATN	1	5
HVERFJALL	4,4	22
DIMMUBORGIR	1	5
SVARFDÆLA	5,4	27
VATNSFJÖRÐUR	7,6	38
DYNJANDI	2,2	11
RAUÐISANDUR	2,4	12
FLATEY	7,4	37
HORNSTRANDIR	9,8	49
HRAUNFOSSAR-BARNAFOSS	2,6	13
GRÁBROK	2	10
HÚSAFELL	1	5
ANDAKÍLL	4	20
ÞJÓRSÁDALUR	3,2	16
KERLINGARFJÖLL	10,8	54
GULLFOSS	6,2	31
GEYSIR	4,6	23
FJALLABAK	10,8	54
SKÓGAFOSS	10,8	54
HÓLMANES	5,4	27
GERPISSVÆÐI	11	55
VESTMANNAEYJAR	5,4	27
SKAFTAFELL - VJP	10,8	54
JÖKULSÁRGLJÚFUR - VJP	19,6	98
Vinnud./Mannvikur	206	1030,0
Svæði í umsjón UST	161,8	809
Önnur Svæði	38,2	191
Undirbúningur/Þjálfun	6	30

FRAMKVÆMDIR OG AÐGERÐIR GERÐAR MEÐ SJÁLFBODALIÐAVINNUM 2022



Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull

Sjálfbóðaliða hópar: 4

Vinnudagar: 133

Liðsstjóri(ar): Robert Price, Verena Stammberger, Gabriele Albani, David Millar, José Andrés Montalvo Escudero & Roger Whysall
Sérfræðingur (þjóðgarðsvörður eða Landvörður): Hákon Ásgeirsson

05.06 – 11.06

12.06 – 18.06

Ástand/vandamál

Malarrif - Lóndrangar: Unnið var í göngustíg, sem liggur frá Malarrifi að Lóndröngum. Lokað var fyrir villustíg ásamt því að nokkur þrep voru lagfærð. Vandamálið er að stígur getur verið blautur og fólkið fer út af stígnum.

Verkefni

- Þrep voru lagfærð á göngustíg við Malarrif.
- Timburtröppur voru byggðar við Lóndranga.





Andakill, búsvæði

Sjálfbóðaliða hópar: 1 (6 manna hópur)
Vinnudagar: 20
Liðsstjóri(ar): Kerry Ireland
Sérfræðingur (eða Landvörður): Þórhildur María Kristinsdóttir



03.07 – 09.07


Ástand/vandamál
Verkefni

Mikið af lúpinu sem þarf að slá.

- Slegin var lúpína og kerfill í Andakill, vinna í samvinnu við starfsmenn Landbúnaðarháskólans.



	<h2 style="text-align: center;">Hraunfossar, náttúruvætti / Grábrók, náttúruvætti / Húsafell, friðland</h2> <p style="text-align: center;"> Sjálfbóðaliða hópar: 1 Vinnudagar: 28 Liðsstjóri(ar): Bonnie Horrex Sérfræðingur (eða Landvörður): Þórhildur María Kristinsdóttir </p> <p style="text-align: center;">10.07 – 16.07</p>
<h3 style="text-align: center;">Ástand/vandamál</h3>	<p>Hraunfossar/Barnafoss: Endurnýjun á ræsum undir göngustíg til að reyna að sporna við hálkumyndun.</p> <p>Grábrók: Loka þarf sárum meðfram stíg og villustíg og endurheimta mosa</p> <p>Húsafell: Klippa þarf tré við stíginn.</p>
<h3 style="text-align: center;">Verkefni</h3>	<ul style="list-style-type: none"> • Gert var þrep í stíg í Húsafelli • Endurheimt á mosa við Grábrók • Tré voru klippt við stíginn og ræsi löguð við Hraunfossa og Barnafoss
	

	<h2 style="text-align: center;">Flatey, friðland</h2> <p style="text-align: center;"> Sjálfbóaliða hópar: 1 (7 manna hópur) Vinnudagar: 37 Liðsstjóri(ar): Daniel Smith Sérfræðingur (eða Landvörður): Edda Kristín Eiríksdóttir </p> <p style="text-align: center;">17.07 – 23.07</p>
--	--

<p style="text-align: center;">Ástand/vandamál</p>	<p>Gönguleið (troðningur) innan friðlands sem þarfnast lagfæringar á nokkrum blettum. Á erfiðum blettum þarf að koma fyrir grjóti til uppstigs þar sem myndast hafa "rennibrautir" í halla þegar vætufíð er. Ekki er um eiginlega nýframkvæmd að ræða heldur lagfæringu á ástandi sem hefur skapast á álagsblettum á gönguleiðinni.</p>
---	---

<p style="text-align: center;">Verkefni</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Kantar voru stungnir upp. • Grjótröppur voru settar þar sem niðurstig og uppstig eru. • Einföld dren voru sett á örfáa bletti. • Grjóti var raðað á styttri kafla þar sem gróðureyðing var samfelld og virka þá eins og staksteinar sem má tipla á þegar mikil bleyta er í landinu.
--	--



Rauðisandur og Dynjandi, náttúruvætti

Sjálfbóðaliða hópar: 1

Vinnudagar: 23

Liðsstjóri(ar): José Andrés Montalvo Escudero

Sérfræðingur (eða Landvörður): Edda Kristín Eiríksdóttir

19.06 – 25.06



Ástand/vandamál

Rauðisandur: Lúpína er að dreifa sér á svæðinu.

Dynjandi: Umhverfis bílastæði á Dynjanda er hellulögn sem þarf að hreinsa upp vegna drenunar og útlits. Gróður hefur sest milli steina og stíflar drenun.

Verkefni

- Lúpína var tekin með rötum og slegin á Rauðasandi.
- Stíflaðar vatnsrásir frá bílastæði við Dynjanda voru hreinsaðar.



Surtarbrandsgil og Vatnsfjörður, friðland

Sjálfbóðaliðahópar: 2 (1 þriggja manna hópur)

Vinnudagar: 38

Liðsstjóri(ar): Verena Stammberger & Robert Price

Sérfræðingur (eða Landvörður): Edda Kristín Eiríksdóttir

26.06 – 02.07

24.07 – 30.07


Ástand/vandamál

Brjánslækur frá prestbústað að Hundafossi: Hellulögn er sokkin í svörð og malarborinn stígur þarfnast lagfæringar þar sem grassvörður sækir að honum. Snyrta þarf og rífa ofan af gamalli hellulögn sem markar upphaf stígsins og lagfæra malarborinn stíg sem liggur niður brekkuna að brú yfir Hundafoss. Lagfæringin á við um 80 m af stígnum.

Verkefni

- Hellulögn var grafin upp og stígur að Hundafossi lagfærður
- Byggð var timburbrú
- Byggðar voru steintröppur og holræsi í stígnum





Hornstrandir, friðland

Sjálfbóðaliða hópar: 3 (1 fjögurra manna hópur og 1 tveggja manna hópur)

Vinnudagar: 49

Liðsstjóri(ar): Danny Lake, Sophie Aziz, Daniel Smith, David Millar

Sérfræðingur (eða Landvörður): Kristín Ósk Jónasdóttir og Vésteinn Rúnarsson

19.06 – 25.06

26.06 – 02.07

10.07 – 16.07

Ástand/vandamál

Lagfæring göngustíga - dren unnin úr grjóti. Áframhald frá sumri 2021.

Verkefni

- Lagfæringar voru gerðar á göngustígum (steinatröppur og ræsi) í og við Hornvík og í Veiðileysufirði
- Byggð var lítil brú úr timbri





Svarfaðardalur, friðland

Sjálfbóðaliða hópar: 1

Vinnudagar: 27

Liðsstjóri(ar): Gabriele Albani

Sérfræðingur (eða Landvörður): Ragnheiður Björk Sigurðardóttir


12.06 – 18.06

Ástand/vandamál

Endurnýjuð flotbrú sem varð fyrir skemmdum 2021

Verkefni

- Lagfæringar á flotbrú - taka undan flotholt og setja aftur undir eftir viðgerð.
- Stikuð var leið frá Húsabakka að Nikurtjörn c.a. 7 km



Mývatn og Laxá, friðland, Hverfjall, náttúruvætti og Dimmuborgir, náttúruvætti



Sjálfboðaliða hópar: 2

Vinnudagar: 54

Liðsstjóri(ar): José Andrés Montalvo Escudero & Andoni Alfaro Leránoz
Sérfræðingur (eða Landvörður): Ragnheiður Björk Sigurðardóttir / Hannes Lárus Hjálmarsson

26.06 – 02.07

24.07 – 30.07

Ástand/vandamál

Göngustígar í Dimmuborgum: Lokun villustíga í Dimmuborgum.

Hverfjall: Göngustígurinn sem liggur upp á gíginn að sunnan er brattur og getur verið hættulegur. Endurvinna þarf syðri upp/niður gönguleið þar sem bæði spottar eru trasnaðir og kambstál er orðið bogið og illa farið. Bratti er mikill svo að mikilvægt er að gönguleið sé betur þveruð niður.

Lúpína og skógarkerfill á verndarsvæði Mývatns og Laxár - Sandvatn.

Verkefni

- Lúpínusláttur var á norðurbakka Sandvatns.
- Viðhald á göngustígum og gerð voru steinþrep í Dimmuborgum.
- Gerð voru þrep á Hverfjalli í bröttustu brekkunni.



Hólmanes, friðland

Sjálfbóðaliða hópar: 1
Vinnudagar: 27
Liðsstjóri(ar): Andoni Alfaro Lerános
Sérfræðingur (eða Landvörður): Lára Björnsdóttir

17.07 – 23.07



Ástand/vandamál

Ágengar tegundir (lúpína) eru að dreifa sér á svæðinu, mikilvægt að ná að uppræta þær eyjar sem eru til staðar í friðlandi Hólmaness eins og undanfarin ár.

Verkefni

- Ræsi var byggt í göngustígum
- Lúpína tekin með rótum niðri í friðlandinu
- Slá og skera niður ágengar plöntur/lúpínu



Gerpissvæði, landslagsverndarsvæði

Sjálfboðaliða hópar: 2

Vinnudagar: 55

Liðsstjóri(ar): Bonnie Horrex & Robert Price
Sérfræðingur (eða Landvörður): Lára Björnsdóttir

03.07 – 09.07

10.07 – 16.07

Ástand/vandamál

Lagfæring hlaðins slóða út að Barðsnesi í Viðfirði. Það þarf viðhald á gönguleiðum á svæðinu. Gera þarf slóða skýrari frá bænum Viðfirði auk þess að laga ræsi og hreinsa skriður úr slóða á leið út að Barðsnesi.

Verkefni

- Lúpína var tekin með rótum og slegin.
- Vinna með Stokkum og steinum ásamt verktökum við að moka upp og lagfæra gamlan vegarslóða og koma í upprunalegt horf þar sem vegurinn er á pörtum hlaðinn.
- Nokkur dren voru byggð



Skógafoss, náttúruvætti

Sjálfbóaliða hópar: 2
Vinnudagar: 54
Liðsstjóri(ar): Robert Price & Andoni Alfaro Lerános
Sérfræðingur (eða Landvörður): Daníel Freyr Jónsson

17.07 – 23.07
31.07 – 06.08

Ástand/vandamál

Skógaheiði: Þörf er að halda áfram vinnu við stíginn meðfram gilinu með gerð drena, lokun villistíga og lagfæringu á stígnum sjálfum. Drenun og landmótun í kringum nýjan stíg á Skógaheiði

Verkefni

- Villustígum var lokað og unnið að landmótun á svæðinu
- Á nokkrum stöðum var stígur lagfærður til að falla betur inn í landslagið og lokað fyrir slóða og aðra villustíga meðfram leiðinni. Unnið var í melabörðum meðfram gönguleið til að sporna við uppblæstri



Eldfell og Eldhraun í Heimaey

Sjálfbóðaliða hópar: 1

Vinnudagar: 27

Liðsstjóri(ar): Kerry Ireland

Sérfræðingur (eða Landvörður): Magnús Freyr Sigurkarlsson

24.07 – 30.07



Ástand/vandamál

Stígar á svæðinu eru óljósir og fólk gengur víðsvegar um svæðið sem verður til þess að villustígar myndast. Frekari stígagerð á Eldfelli, fjarlægja lúpínu, uppgræðsla á svæðinu.

Verkefni

- Viðhald á göngustíg
- Landmótun í eldfjallajarðvegi til að loka villustígum og gömlu leiðinni





Gullfoss, friðland

Sjálfbóðaliða hópar: 1
Vinnudagar: 31
Liðsstjóri(ar): Verena Stammberger & Robert Price
Sérfræðingur (eða Landvörður): Valdimar Kristjánsson

19.06 – 25.06
26.06 – 02.07

Ástand/vandamál

Lagfæra þarf gönguleið frá Gullfossi að Brattholti. Afmá villuslóða.

Verkefni

- Landmótun og lokunvillustíga með grjóti og gróðri
- Nokkur steinadren voru gerð



Geysir, náttúruvætti

Sjálfbóðaliða hópar: 1
Vinnudagar: 23
Liðsstjóri(ar): Verena Stammberger & Robert Price
Sérfræðingur (eða Landvörður): Valdimar Kristjánsson

19.06 – 25.06
26.06 – 02.07



Ástand/vandamál

Lagfæring á stígum á Laugarfelli. Útbúa ræsi á göngustíg. Uppræta lúpínu.

Verkefni

- Lúpínan var tekin með rótum
- Ræsi voru gerð á göngustíg á nokkrum stöðum



Þjórsárdalur, landslagsverndarsvæði

Sjálfbóðaliða hópar: 1 (tveggja manna hópur vegna COVID)

Vinnudagar: 16

Liðsstjóri(ar): David Millar

Sérfræðingur (eða Landvörður): Magnús Freyr Sigurkarlsson


19.06 – 25.06

Ástand/vandamál

Stika gönguleiðir og uppræta lúpínu. Mikið af lúpínu við Hjálparfoss og stika þarf gönguleið milli Stöng og Hjálparfoss.

Verkefni

- Að rífa upp lúpínu innan náttúruvættisins Hjálparfoss.
- COVID hefur haft mikil áhrif og stikun gönguleiðar var ekki gerð.



Fjallabak, Friðland

Sjálfbóaliða hópar: 2

Vinnudagar: 54

Liðsstjóri(ar): Kerry Ireland & Daniel Averill

Sérfræðingur (eða Landvörður): Magnús Freyr Sigurkarlsson

25.07 – 31.07



Ástand/vandamál

Utanvegaakstursför og villustígar í grónu landi sem þarf að stinga upp og afmá. Aflagður vegur við Sauðaleysuvatn var plægður upp og afmáður. Laga dren á göngustíg á Laugaveginum.

Verkefni

- Afmá bílför eftir utanvegaakstur víðsvegar í friðlandinu.
- Steinadren voru löguð í göngustígum.
- Mokaður var snjór á upphafi stígsins í Laugahraunisem aukaverkefni



Kerlingarfjöll, landslagsverndarsvæði

Sjálfbóðaliða hópar: 2
Vinnudagar: 54
Liðsstjóri(ar): Lee Dunn & Nicky Kraft
Sérfræðingur (eða Landvörður): Daníel Freyr Jónsson

17.07 – 23.07
24.07 – 30.07



Ástand/vandamál

Lagfæring þrepa í Hveradölum. Einnig stikun gönguleiða, fjarlægja gamalt ræsi í Ásgarði og smíða litla brú í staðinn.

Verkefni

- Lagfærðar voru timburtröppur í Kerlingarfjöllum sem þörfuðust viðhalds – kassar úr timbri voru byggðir
- Gönguleiðir voru stikaðar
- Gömul brú með ræsi var endurbætt og grjóthleðslur lagaðar



Búrfell, Búrfellsgjá, náttúruvætti

Hópur: 1

Vinnudagar: 56

Líðsstjóri: Lee Dunn

Sérfræðingur (eða Landvörður): René Biasone, Ásta Davíðsdóttir, Julie Kermarec

24.07 – 30.07



Ástand/vandamál

Fullt af villustígum sem hafaneikvæð áhrif á jarðminjar og ásynd. Þörf er fyrir betra aðgengi í kringum náttúruvættið norðan megin, aðkoma óljós, óstikuð.

Verkefni

- Villustígum var lokað með skilti, staurum og kaðli.
- Gerð var landmótun með grjóti og gróðri til að afmá villustíga
- Járnstaurar, kaðlar og táknmyndir voru sett til að loka villustígum.



Eldborg undir Geitahlíð, náttúruvætti

Hópur: 2 (1 tveggja manna hópur)

Vinnudagar: 8

Liðsstjóri: Danny Lake & Lee Dunn

Sérfræðingur (eða Landvörður): René Biasone, Julie Kermarec, Ásta Davíðsdóttir

27.06 – 28.06

24.07 – 30.07



Ástand/vandamál Verkefni

Jarðminjar eru að skemmast uppi á gígnum vegna umferðar gangandi gesta. Villustígar á víð og dreif um svæðið.

- Villustígum var lokað í hlíðum gígsins og toppi hans með landmótun
- Stikuð var hringleið um svæðið



Herdísarvík, Friðland

Hópur: 1
Vinnudagar: 2

Sérfræðingur (eða Landvörður): René Biasone, Ásta Davíðsdóttir, Julie Kermarec

04.08



Ástand/vandamál

Akstur utan vega er þekkt vandamál á svæðinu, rask á gróðri og menningarminjum. Vantar stýringu, t.d. leið sem tengir saman helstu náttúru- og menningarminjar til að bæta upplifun gesta. Fjörur þarf að hreinsa árlega.

Verkefni

- Járnstaurar, kaðlar og táknmynd voru sett meðfram veginn.
- För vegna utanvegaaksturs voru afmáð.



Tröllabörn, náttúruvætti

Hópur: 1
Vinnudagar: 7

Sérfræðingur (eða Landvörður): René Biasone, Ásta Davíðsdóttir, Julie Kermarec

02.08 - 03.08



Ástand/vandamál

Mótorhjól og fjallahjól stytta sér leið í gegnum náttúruvættið með neikvæðum áhrifum á viðkvæman gróður og votlendissvæðið. Rof á gróðurþekju hefur einnig neikvæð áhrif á gesti á svæðinu. Framkvæmdaaðilar fóru á stórum vinnuvélum haustið 2021, inn á svæðið í leyfisleysi og skildu eftir sig utanvegaakstursför. Svæðið er mjög lítið og stórar framkvæmdir eru í gangi örfáum metrum frá mörkum þess (tvöföldun hringvegs). Hætta er á að vinnutæki fari inn á svæði þar sem mörkin eru ekki skilgreind. Lúpína er við mörk náttúruvættisins og er komin inn á svæðið. Svæðið datt inn á appelsínugula listann 2021.

Verkefni

- Járnstaurar og kaðlar voru sett meðfram slóða til að merkja mörk náttúruvættisins.
- Lúpína var tekin með rótum.




Gróttta, friðland

Hópur: 1
Vinnudagar: 2

Sérfræðingur (eða Landvörður): René Biasone, Ásta Davíðsdóttir, Julie Kermarec

03.08



Ástand/vandamál

Kerfill er að dreifa sér í friðlandið.

Verkefni

- Tóku kerfil með rótum



Jökulsárgljúfur, Vatnajökulsþjóðgarður

Hópur: 4

Vinnudagar: 98

Liðsstjóri(ar): Verena Stammberger, Robert Price, Lars Scharfe & Alastair McQuillan

Sérfræðingur (eða Landvörður): Guðmundur Ögmundsson

12.06 – 18.06

19.06 – 25.06

07.08 – 13.08

14.08 – 20.08



Ástand/vandamál

Vesturdalur og Ásbyrgi: Nýr göngu- og hjólastígur var búinn til á milli Langavatnshöfða og Rauðhóla, um 1,5 km löng leið. Síðustu tvö sumur hefur verið unnið að endurbótum á göngustíg innarlega í Ásbyrgi, um 1,5 km löng leið. Vinnan hefur að mestu verið unnin með vélknúnum tækjum, en til að klára verkið þarf handafl og þá verkunnáttu sem sjálfbóðaliðateymi UST búa yfir.

Ásbyrgi-Ástjörn: Gönguleið liggur ofan á austanverðum Ásbyrgisbarmi frá Gljúfrastofu að útsýnisstað ofan Botnstjarnar. Leiðin er um 4 km og mikið gengin. Á köflum er stígurinn orðinn óeðlilega breiður og víða hafa myndast hentistígar. Mikilvægt er að bregðast við því með lagfæringum á aðalstígnum og afmá hentistíga. Svæðið er hluti af verkefninu Vöktun náttúruverndarsvæða sem leitt er af Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ). Úttekt hefur verið gerð á svæðinu tvö síðastliðin sumur og í nýju minnisblaði Náttúrustofu Norðausturlands (NNA) segir að á þessu svæði „einkennist gróðurþekja af lyngmóa og moslendi og er mosinn sérstaklega viðkvæmur fyrir átroðningi. Hluti hentistíga liggur frá merktri gönguleið að Ásbyrgisbarmi og hafa álagssvæðin m.a. myndast út frá þeim. Nokkuð er um hentistíga að tjörnum og skesskukötlum [svo] en einnig hafa hentistígar myndast þar sem stutt er á milli merktra gönguleiða og skipulag óljóst. Í rúmlega helming af mældri vegalengd hentistíga var rofhætta annaðhvort metin nokkur eða mikil, sjá 1. töflu. Með einföldum merkingum, betri afmörkun og lagfæringum á legu gönguleiða innan svæðisins mætti bæta ástandið talsvert.“

Verkefni

- Á leiðinni sem liggur á Ásbyrgisbarmi austanverðum, nánar tiltekið við Klappir og Sund, voru hentistígar afmáðir. Sömuleiðis var legu eins þeirra lítilsháttar breytt, upplýsingaskilti fært til og stikum fjölgað með það að markmiði að auðvelda göngufólki að rata rétta leið.
- Á Langavatnshöfða og í Ásbyrgi voru gróðurtorfur og trjáplöntur færðar til og láttnar hylja ummerki sem sköpuðust þegar stígar á viðkomandi stöðum voru ýmist útbúnir eða endurbættir.
- Steinaprep og dren voru byggð á stíg sem liggur frá Ytra-Þórunnarfjalli niður að Hólmatungum. Samtímis var legu aðalstígsins breytt og sá hluti hans sem lá að nú aflögðu bílastæði afmáður að hluta.
- Við Ástjörn voru göngubrýr endurbyggðar og hækkaðar frá því sem áður var, en þær gömlu voru að hluta til soknar í votlendi þar.





Skaftafell, Vatnajökulspjóðgarður

Sjálfbóðaliðarins hópar: 2
Vinnudagar: 54
Liðsstjóri(ar): Kerry Ireland & Daniel Averill
Sérfræðingur (eða Landvörður): Hrafnhildur Ævarsdóttir

07.08 – 13.08

Ástand/vandamál

Eystragil (S5/S6): brú í gilinu sem hallar mikið og skapast hættu við ákveðnar aðstæður. Brúin hallar mikið og er ekki með nein handrið. Smíða þarf nýja brú og koma fyrir undirstöðum. Á sama svæði þarf að lagfæra nokkur dren og þrep.

Verkefni

- Ný brú með handriðum var byggð úr timbri og sett í stað eldri brúar, hluti efnis var endurnýttur í nýja brú.
- Nokkur dren og þrep voru byggð á stígnum við Eystragil í nágrenni við nýja brú.

